

Verklag vegna gruns um ofbeldi gagnvart ungabarni.

Eftirfarandi verkleg gildir þegar barnaverndarnefnd hafa borist upplýsingar um að barn á fyrsta aldursári kunni að hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi af hálfu forsjáraðila/heimilismanns/umönnunaraðila.

1. Atriði sem hafa þarf til hliðsjónar við vinnslu mála:

- a. Taka þarf tillit til hreyfigetu barna þegar hugsanlegar ástæður áverka eru metnar. Hafa þarf í huga að marblettir eru algengustu einkenni líkamlegs ofbeldis gagnvart börnum. Heilbrigð börn sem ekki eru farin að geta fært sig úr stað, þ.e.a.s. fyrir 4 mánaða aldur, eiga ekki að vera með marbletti óháð því hvar þeir birtast.^{1 2} Á hinn bóginn er rétt að hafa hugfast að ekki er unnt að útiloka að einkenni sem líkjast áverkum geti stafað af sjúkdómi.
- b. Forsjáraðilar bera ábyrgð á því að barnið sé öruggt og í tryggri umsjá. Ef sterkar vísbendingar eru um að það hafi ekki verið gert t.d. ef áverkar eru á barninu sem forsjáraðilar geta ekki skýrt þá verður að ganga út frá því að foreldrar hafi ekki sinnt uppeldishlutverki sínu sem skyldi (vanræksla á umsjón og eftirlit). Að sama skapi getur það talist til alvarlegrar vanrækslu að vita ekki hvernig áverkar á svona ungu barni eru tilkomnir eða greina ekki frá slíkum upplýsingum í þeim tilgangi að tryggja örugga umsjá barnsins.
- c. Ætíð skal tryggja að ítarleg læknisskoðun fari fram eins fljótt og auðið verður ef hún hefur ekki þegar átt sér stað þegar tilkynning berst, sbr. lið 4.a. Mikilvægt er að reglulegt samráð sé haft við lækna og hjúkrunarfólk á meðan vinnslu málsins stendur, sbr. lið 4.c.
- d. Áhersla er lögð á hraða vinnslu í málum þegar grunur leikur á um að ungt barn hafi verið beitt ofbeldi. Afla þarf upplýsinga frá sem flestum aðilum eins fljótt og unnt er, s.s. með símtölum.
- e. Mikilvægt að taka sjálfstæða ákvörðun í hverju máli fyrir sig varðandi það hvernig hægt er að tryggja öryggi barnsins og hvort vísa á máli til rannsóknar lögreglu. Málefnalegt getur verið að vísa málinu ekki í lögreglurannsókn, t.d. ef foreldrar skýra frá ástæðum áverka, eru í samvinnu og eru reiðubúnir að þiggja nauðsynlegan stuðning og ráðgjöf í framhaldinu. Hér getur verið gott að láta foreldra skrifa undir samþykki fyrir könnun (þó heimilt sé að kanna málið og afla allra upplýsinga án þess að slíkt samþykki liggur fyrir). Ef slíkar upplýsingar koma ekki fram er hins vegar almennt nauðsynlegt að vísa málum til frekari rannsóknar hjá lögreglu.
- f. Gæta þarf að því að skrá niður allar upplýsingar sem fengnar eru munnlega/á fundum. Mælt er með því að senda viðmælanda/fundarmönnum afrit af þeim upplýsingum sem skráðar eru niður beint eftir fundinn svo ekki leiki vafi á því síðar meir hvaða upplýsingar voru veittar. Jafnframt er góð regla setja slíkan texta inn í fyrirspurnarbréf sem send eru síðar til þeirra aðila sem veitt hafa munnlegar upplýsingar eða upplýsingar á fundum. Hafa þarf í huga að

¹ Samband milli staðsetningar marblettis og ofbeldis gagnvart ungabarni. Minni líkur á að um ofbeldi sé að ræða:

Enni, undir höku, olnbogar, mjadmir, sköflungar, ökkjar. Meiri líkur á að um ofbeldi sé að ræða: Andlit, eyru, framhandleggir, hnakki, upphandleggir, búkur, hendur, kynfæri, rasskinnar, framanverð eða innanverð læri. Mynstur: Far eftir högg eða handarfar, far eftir áhöld, bitfar eftir fullorðinn, hópar marblettis, margir eins marblettir, mikill fjöldi marblettis. Läkartidningen. 2014;111:CZYR.

² Merki um ofbeldi sem ástæðu beinbrota hjá ungabarni : Engin áverki í sjúkrasögu barns, lýsingin á ástæðu áverkans eða, eða alvarleika hans, passa ekki við brotið, forsjáraðilar koma með mismunandi útgáfur af því sem gerðist, eða upplýsingar taka breytingum yfir tíma, beinbrot hjá barni sem ekki getur gengið, beinbrot með einkennum ofbeldis gagnvart barni, mörg beinbrot, mismunandi gömul beinbrot, aðrir samhliða eða fyrri áverkar sem leiða til gruns um ofbeldi gagnvart barni, ekki haft strax samband við heilbrigðisfyrirvöld eftir áverkann. Läkartidningen. 2014;111:CZYR.

ítarleg og vönduð skráning munnlegra upplýsinga getur skipt máli á síðari stigum ef leggja þarf mál fyrir dóm eða mál fara fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

- g. Vegna þess hversu sjaldgæf og flókin mál af þessu tagi eru er mikilvægt að leita reglulega ráðgjafar hjá Barnaverndarstofu við vinnslu mála sem þessara og hafa samráð um allar helstu ákvarðanir sem eru teknar varðandi vinnslu þeirra, s.s. hvort vista eigi barn utan heimilis eða ekki og hvaða upplýsinga og gagna skuli aflað.

2. Viðbrögð við tilkynningu eða upplýsingum:

- a. Þegar tilkynning berst vegna gruns um líkamlegt ofbeldi er mikilvægt að taka án tafar afstöðu til þess hvort hefja eigi könnun þar sem svo ungt barn getur verið í lífshættu ef efni tilkynning reynist rétt. Þetta á við þrátt fyrir að barn sé ekki með lífshættulega/alvarlega áverka, s.s. beinbrot, þegar tilkynning berst. *Sjö daga frestur til að taka afstöðu til tilkynningar getur ekki átt við í málum sem þessum.*
- b. Meginreglan er sú þegar tilkynning hefur borist vegna gruns um líkamlegt ofbeldi á gagnvart ungbarni að kanna þarf málið. Ríkar röksemdir þarf fyrir því að hefja ekki könnun þegar tilkynning hefur borist vegna gruns um líkamlegt ofbeldi gagnvart ungbarni. Telji barnaverndarnefnd ekki ástæðu til að hefja könnun í slíku máli mælir Barnaverndarstofa eindregið með því að haft sé samband við sérfræðing hjá stofunni, annað hvort símleiðis eða með fundi ef því verður við komið, áður en slík ákvörðun er tekin. Ef líkamlegir áverkar eru á barni verður að telja að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um að efni tilkynningar gefi tilefni til könnunar, sbr. það sem fram kemur í 1.a.
- c. Rétt er að ræða við tilkynnanda til að afla ítarlegri upplýsinga, s.s. hvort hann telji að barnið geti verið í hættu, hvers eðlis áverkarnir eru og hvað geti valdið slíkum áverkum (á sérstaklega við um þegar heilbrigðisstarfsmaður tilkynnir), hvort upplýsingar eru um að áður hafi verið áverkar á barninu, hvaða skýringar forsjáraðilar hafi gefið á áverkum þegar leitað var eftir skýringum og aðrar upplýsingar sem tilkynnandi kann að búa yfir og skipt geta máli.
- d. Áður en ákveðið er hvort hefja skuli könnun er mikilvægt að afla eins ítarlegra upplýsinga frá tilkynnanda og unnt er auk þess að athuga hvort áður hefur verið opið mál varðandi viðkomandi barn, systkini barnsins eða foreldra og þá hvers eðlis þau mál voru.

3. Fyrstu skref í könnun:

- a. Kostur er að fleiri en einn starfsmaður barnaverndarnefndar vinni málið þar sem þau eru almennt flókin og umfangsmikil.
- b. Ef barn er á heimili sínu þegar tilkynning berst þarf að fara á heimili þess um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að kanna málið til þess að tilkynna foreldrum um könnun málsins og meta aðstæður foreldra og barns. Mikilvægt er að fá ávallt að sjá barnið í heimsókninni og leggja mat á ástand þess.

Markmið heimsóknar er í fyrsta lagi að meta aðstæður barnsins, í öðru lagi að afla upplýsinga frá foreldrum, í þriðja lagi að byggja upp traust foreldra gagnvart barnavernd og í fjórða lagi að bjóða foreldrum upp á viðeigandi stuðning. á þessu stigi málsins. Ef veittur er frekari stuðningur er mikilvægt að gera það á grundvelli greinargerðar og áætlunar (ath. að í þeirri áætlun þarf að koma fram að markmið með henni sé m.a. að kanna málið frekar). Undirbúningur *heimsóknar*: Heimsóknina þarf að undirbúa vel og jafnan skulu tveir starfsmenn annast hana. Huga þarf að því hvaða starfsmenn séu best til þess fallnir að fara

í slíka heimsókn. Þeir skulu kynna sér tiltækar upplýsingar um barn, foreldra þess og málsatvik svo sem frekast er kostur. Mikilvægt er að *skipuleggja vel framkvæmd* heimsóknar t.a.m. um skoðun barns, samræðu við foreldra, athugun á heimilisaðstæðum. Enn fremur þarf að huga að því að foreldrar gætu verið í þörf fyrir stuðning ásamt því að leggja þarf mat á andlega líðan þeirra. Mikilvægt er að starfsmenn sem fara í heimsókn hafi heimild/umboð til þess að taka barn af heimili reynist það nauðsynlegt.

Framkvæmd heimsóknar: Mikilvægt er að gæta fyllstu tillitssemi í heimsókninni, sýna foreldrum hlýju og virðingu. Það er hlutverk barnaverndar að vinna málið á faglegan hátt, greina stöðuna og skrá niður upplýsingar. Mikilvægt er að *forðast ásakanir* en gera þarf foreldrum grein fyrir alvarleika málsins, hvaða grunsemdir eru uppi og aðsamvinna og heiðarleiki frá upphafi geti skipt sköpum varðandi það í hvaða farveg mál fari, s.s. hvort mál fari í lögreglurannsókn eða ekki.

Ávallt skal ræða við foreldra bæði saman og einslega. Ef aðrir eru á heimili, t.d. eldri börn, er rétt að ræða einslega við viðkomandi.

Séu aðstæður með þeim hætti að barnið er innlagt á spítala er samt sem áður mikilvægt að starfsmaður fari á heimili barnsins við fyrsta tækifæri til að kanna aðstæður á heimilinu og tala við foreldrana.

- c. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um könnun þarf barnaverndarnefnd að taka afstöðu til þess hvort öryggi barnsins er tryggt á heimili þess eða hvort vista þarf barnið utan heimilis. Mikilvægt er að tryggja öryggi barnsins og þurfa haldbær rök að liggja til grundvallar ákvörðun um hvort vista beri barn utan heimilis eða grípa til annarra ráðstafana á fyrstu stigum málsins. Leggja þarf sérstaklega mat á hvort barn sé í lífshættu á heimili sínu. Almenn getur slíkt mat farið fram eftir fyrstu heimsókn, nema upplýsingar og aðstæður séu þegar fyrir um að barn teljist í bráðri hættu þannig að vista þarf barn utan heimilis á meðan frekari könnun fer fram. Meðal þess sem hafa þarf í huga við matið er:
- alvarleiki og eðli áverka (t.d. hversu líklegt er að áverkann megi rekja til ofbeldis),
 - áverka- og/eða ofbeldissaga á heimili,
 - hvort aðstæðum barns á heimili sé ábótavant (og þá með hvaða hætti),
 - hvert ástand foreldra er og geta þeirra til þess að veita barni öryggi og
 - hvaða upplýsingar liggja fyrir, s.s. eftir samtöl við foreldra, sem varpa ljósi á hvort barnið kunni að vera í hættu.

Leggja þarf mat á trúverðugleika þeirra upplýsinga sem fram koma, m.a. í samráði við heilbrigðisstarfsmenn (s.s. að leggja mat á hvort frásögn um orsakir áverka geti staðist). Mikilvægt er að undirbúa foreldra vel undir hugsanlega vistun barnsins. Komi til vistunar barns utan heimilis á þessu stigi máls er mikilvægt að gæta meðalhófs og vera í samvinnu við foreldra eins og frekast er unnt. Leggja þarf mat á hvort foreldrar/foreldri geti dvalið með barninu á vistunarstað.

Ef barn er ekki vistað utan heimilis á þessu stigi málsins er mikilvægt að veita leiðbeiningar um umönnun barnsins til að tryggja öryggi þess, s.s. að barn verði aldrei eitt með neinum sem grunur leikur á um að beitt hafi ofbeldi.

4. Áframhaldandi könnun máls:

- a. Mikilvægt er að svo fljótt sem verða má sé að beiðni barnaverndarnefndar framkvæmd ítarleg læknisrannsókn á barninu, bæði með líkamsskoðun, röntgenmyndatöku, blóðrannsókn, segulómun, augnbotnaskoðun, sneiðmyndatöku og annað ef við á og mælt er með skv. læknisráði. Tilgangur slíkra rannsókna er að kanna hvort fleiri/duldir áverkar

kunni að vera á barninu. Hafa þarf í huga að ef barnið er ekki vistað utan heimilis á meðan könnun stendur getur reynst nauðsynlegt að endurtaka slíka læknisrannsókn reglulega.

- b. Ávallt ber að ræða við foreldra í einrúmi og byggja upp traust með reglulegum viðtölum, ekki sjaldnar en vikulega, til þess að auka líkur á að greint sé frá grunsemdum um hver kunni að hafa veitt barninu áverka. Í sama tilgangi er mikilvægt að foreldrar hafi greiðan aðgang að starfsmönnum málsins, s.s. með beinu símanúmeri/farsímanúmeri/netfangi.
- c. Afla skal ítarlegra upplýsinga frá þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem komið hafa að máli barnsins (s.s. mæðravernd og ungbarnaeftirliti) og foreldrum þess og öðrum þeim sem kunna að hafa komið að umönnun barnsins, s.s. dagforeldrum eða ættingjum, Mikilvægt er að afla skriflegra upplýsinga til þess að hafa möguleika á að geta lagt þau fram á síðari stigum. Jafnframt er mikilvægt að í málum sem þessum sé fengið samþykki forsjáradila fyrir upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsmanna og jafnvel félagsþjónustu/fötunarþjónustu ef við á (eða úrskurða, sbr. c-lið 26. gr. bvl./beita 31. gr. bvl. og úrskurða í framhaldinu) svo barnaverndarstarfsmenn og aðrir sérfræðingar geti farið yfir málið í sameiningu til að leggja mat á hvers eðlis áverkarnir eru, hvað hefur valdið þeim o.s.frv. Mikilvægt er að slíkur samráðshópur hittist eins fljótt og auðið er og leggi mat á málið og að hópurinn hittist í framhaldinu reglulega til þess að fara yfir málið og stöðu þess (nákvæmlega hversu oft fer eftir hverju máli fyrir sig en mikilvægt að boðleiðir milli aðila séu greiðar).
- d. Jafnframt þarf að hafa í huga að mikilvægt er að eiga regluleg og þétt samskipti við lögreglu þar sem stofnanirnar geta skipst á nauðsynlegum upplýsingum sem skipta máli fyrir vinnslu málsins annars vegar hjá barnaverndarnefnd og hins vegar hjá lögreglu.
- e. Við könnun málsins þarf, eftir atvikum með aðstoð sérfræðinga, að meta hvort vitsmunaproski og líkamleg geta barns sé eðlileg miðað við aldur. Einnig er mikilvægt að afla ítarlegra upplýsinga um foreldra og forsjárhæfni þeirra, s.s. með því að afla upplýsinga frá lögreglu, félagsþjónustu, heilbrigðisstofnunum og með sérstökum úttektum, t.a.m. forsjárhæfnimati. Sama gildir um önnur börn á heimilinu. Við könnun málsins er jafnframt mikilvægt að skoða tengsl foreldra og barns og hvernig foreldrar sinna umönnun þess.
- f. Ef barn er vistað utan heimilis á meðan málið er kannað ítarlegar er mikilvægt að ganga frá fyrirkomulagi umgengni við forsjáradila samhliða ákvörðun um vistun. Ef hafa á eftirlit með umgengni er mikilvægt að fela óháðum aðila að sjá um það eftirlit og forðast skal að setja ættingja/vini aðila máls í það hlutverk. Ef nátengdir aðilar eru gerðir að vistunaraðilum þarf hlutverk þeirra að vera mjög skýrt skv. skriflegum samningi og enginn vafi að leika á því hverjir mega koma að umönnun barnsins og þá með hvaða hætti. Ef gerður er „öryggissamningur“ þar sem þriðja aðila er falið að tryggja öryggi barnsins er slíkur samningur ígildi vistunar og þurfa aðilar þ.a.l. að vera með tilskilin leyfi til vistunar barna.
- g. Ef ekki á að vista barn utan heimilis á meðan könnun stendur þarf barnavernd að vera viss um að öryggi barnsins sé tryggt eins og hægt er.

Hafa þarf í huga að jafnvel þó að vistun hafi ekki verið ákveðin í upphafi getur þurft að grípa til slíks úrræðis á síðari stigum könnunar ef aðstæður barnsins þykja ekki tryggar, fram koma nýir áverkarnir eða nýjar upplýsingar, s.s. ef í ljós kemur að skýringar foreldra standast ekki eða frásögn foreldra breytist eða eldri áverkarnir koma í ljós, t.d. við læknisrannsókn, sbr. kafli 4.a eða ef læknisrannsókn leiðir með óyggjandi hætti til þess að barnið hafi verið beitt

ofbeldi (sjúkdómar eða aðrar læknisfræðilegar skýringar hafa verið útilokaðar). Gæta þarf að því að þá þurfa allar upplýsingar að liggja fyrir með skýrum og sannanlegum hætti.

5. Niðurstaða könnunar:

- a. Hafa þarf í huga að rannsókn barnaverndarnefndar er sjálfstæð og þarf barnaverndarnefnd að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort hún telur að barn hafi verið beitt ofbeldi og ef svo er hver(hverjir) hún telur að hafi beitt ofbeldinu. Mikilvægt er að hafa í huga að sönnunarkröfur eru aðrar í barnaverndarmálum en t.a.m. í refsimálum. Barnaverndarnefnd getur túlkað vafa í máli barni í hag á meðan lögregla, ákærvald og dómstólar verða að túlka vafa hinum grunaða/ákærða í hag. Barnaverndarnefnd getur þannig komist að þeirri niðurstöðu að hún telji að tiltekinn aðili hafi beitt barn ofbeldi þrátt fyrir að lögregla/ákærvald/dómstólar telji ekki hægt að fullyrða um slíkt eða niðurstaða lögreglurannsóknar/dómsmáls liggja ekki fyrir. Mikilvægt er að slíkar niðurstöður barnaverndarnefndar séu ítarlega rökstuddar og studdar gögnum, s.s. niðurstöðum lækna, viðtölum við aðila og aðra o.s.frv.
- b. Ef niðurstaða könnunar er sú að barn á fyrsta aldursári hafi að öllum líkindum verið beitt ofbeldi og ekki liggur fyrir hver veitti barninu ákverka, er mikilvægt að loka málinu ekki í kjölfar könnunar. Hafa þarf í huga að á fyrstu mánuðum barns eru umönnunaraðilar alla jafna fáir og ef engar vísbendingar eru um hver þeirra hefur beitt barnið ofbeldi getur barnið almennt verið í hættu hjá öllum þeim umönnunaraðilum.

Á þessu stigi er mikilvægt að gera áætlun í máli barnsins sem á að tryggja öryggi þess, s.s. með mati á hæfni foreldra, eftirliti, stuðningi, t.a.m. í formi þjálfunar eða meðferðar fyrir foreldra, til að styrkja þau í hlutverkum sínum.

Ef barn hefur verið vistað utan heimilis er mikilvægt að forsjárhæfnimat og niðurstöður annarra sérfræðinga, sem t.d. hafa komið að þjálfun og stuðningi við foreldra, liggja fyrir áður en vistun barns lýkur. Mikilvægt er að halda stuðningi, ráðgjöf og eftirliti áfram eftir að vistun lýkur svo hægt sé að endurmeta málið ef þörf er á.

- c. Leiði könnun í ljós þörf foreldra fyrir stuðning er mikilvægt að fá aðstoð viðeigandi sérfræðinga. Má í því skyni nefna námskeið í foreldrafærni, reiðistjórnun eða stuðning til þess að efla tengsl foreldra við barnið. Slík úrræði eru mikilvæg til þess að barnaverndarnefnd geti metið hvenær tímabært er að loka málinu.. Almennt þarf að liggja fyrir að slík aðstoð hafi borið árangur áður en hægt er að ljúka vistun barns utan heimilis.

Barnaverndarstofa 21. mars 2017.